

Ágæti félagsmaður,

22. júlí 2011

I Horfur á kjötmarkaði

Almennt

Á stuttum tíma hafa markaðsaðstæður innanlands og utan batnað verulega. Bætt staða hefur gert kleyft að hækka verð til framleiðenda sem hefur verið brýnt vegna hækkunar á rekstrarvörum bænda.

Í töflu 1 má sjá það meðalverð sem SS hefur greitt bændum frá árinu 2001 og til og með janúar - júní 2011 fyrir naut, svín og sauðfé og breytingar yfir tímabilið. Þetta er meðalverð allra flokka bæði full-orðinna gripa og yngri gripa og vegið með magni. Breytingar á flokkun og framfarir í ræktun hafa því áhrif á meðalverðið. Bætt er 35 kr/kg við kindakjöt árið 2010 vegna tilfærslu á vaxta- og geymslugjaldi frá sláturleyfishöfum til bænda á síðasta ári. Þar sem slátrun sauðfjár er óveruleg það sem af er 2011 er breyting á verði kindakjöts reiknuð út frá meðalverði ársins 2010.

Á síðustu tveimur árum hefur verð á kjöti hækkað á erlendum mörkuðum. Hækkunin ásamt veikri íslenskri krónu hefur skapað þá ótrúlegu stöðu að undanfarin tvö ár hefur SS fengið herra skilaverð fyrir kindakjöt til útflutnings en í sölu innanlands. Á tíma útflutningsskyldunnar greiddu sláturleyfishafar mun lægra verð fyrir kjöt til útflutnings en fyrir innanlandshlutann. En vegna gengislækkunar íslensku krónunnar og hækkana á erlendum mörkuðum, sem hvoru tveggja hækkar skilaverð fyrir útflutning, hefur verið greitt sama verð fyrir allt kindakjöt síðustu tvö ár óháð því hvort það er selt innanlands eða utan.

Þrátt fyrir að hagkvæmt hefði verið að selja allar birgðir úr landi hefur það ekki verið gert heldur

haldið eftir kjöti til að félagið geti sinnt viðskiptavinum sínum innanlands. Skortur á innanlandsmarkaði hefði neikvæð áhrif á ímynd og stöðu greinarinnar. En birgðir SS af kindakjöti verða í sögulegu lágmarki er slátrun hefst á ný.

Markaðsaðstæður fyrir sauðfjarrækt eru betri en um langt árabíl. Innanlandsmarkaður er stöðugur þó búast megi við hægfara samdrætti á komandi árum vegna neyslubreytinga. Útflutningsmarkaðir

Tafla 1

Ár	Naut	Svín	Sauðfé
2001	239,6	225,3	228,3
2002	238,2	179,1	229,5
2003	224,0	157,4	192,7
2004	259,3	193,8	215,2
2005	308,2	243,7	293,6
2006	360,9	277,7	302,2
2007	390,1	295,1	313,1
2008	406,0	331,8	363,7
2009	416,2	277,1	397,4
2010	424,0	273,1	401,4
Jan-jún 2011	452,1	340,9	
% breyt 2006-2011	+25%	+23%	+33%
% breyt 2001-2011	+89%	+51%	+76%

Viðtakandi:



Heyskapur á Rangárvöllum.

Ljósmynd Þorsteinn Jónsson

eru góðir og það sem helst truflar er takmarkaður kvóti til EB en viðræður eru hafnar um stækkun hans. Einnig væri mjög gagnlegt að fá stækkun á kvóta til Noregs. Við þessar aðstæður er óhætt að mæla með hóflegri aukningu á sauðfjárrækt að því marki sem bætt er nýting á fjárfestingum sem eru til staðar. Aðal óvissan liggur í gengi íslensku krónunnar. Ef og þegar krónan styrkist hefur það áhrif til lækkunar á verði en þá lækka líka innfluttar rekstrarvörur.

Hagræðing

Það eru ekki aðeins markaðsaðstæður sem ráða

verði til bænda. Það er einnig kostnaður við slátrun, geymslu og sölu afurðanna. Mikið hefur verið hagrætt en fullyrða má að hægt væri að sinna slátrun með mun færri sláturhúsum og spara þannig stórar upphæðir sem myndi skila bændum verulegum ávinningi.


Sláturfélagið hefur hagrætt mikið í slátrun. Fyrir 25 árum slátraði félagið sauðfé í 7 sláturhúsum og stórgripum á 4 stöðum. Öll þessi slátrun hefur verið sameinuð á einn stað í stöð félagsins á Selfossi. Það er eðlilegt að bændur velti fyrir sér hvort hagræðing í slátrun í landinu hafi skilað sér til þeirra í herra verði.

Fullyrða má að svo sé vegna þess að eins og neð-

Tafla 2

	2006	2007	2008	2009	2010	2011	% breyt
Dilkakjöt, súpukjöt, kg	569	516	587	629	644	680	20%
Dilkakjöt, læri, kg	1.123	1.226	1.206	1.243	1.070	1.191	6%
Dilkakjöt, lærissneiðar, kg	1.622	1.716	1.749	1.898	1.838	1.603	-1%
Dilkakjöt, hryggur, kg	1.299	1.340	1.374	1.524	1.438	1.446	11%
Dilkakjöt, kótelettur, kg	1.560	1.578	1.745	1.703	1.803	1.902	22%
Dilkakjöt, léttsaltað, kg	559	572	555	673	651	642	15%

Mái ár hvert. Heimild : Hagstofa Íslands, verðlag í öllu landinu



angreindar mælingar Hagstofunnar í töflu 2 sýna þá hefur smásöluverð á lambakjöti hækkað mun minna en verð til bænda. Þessi mismunur hefur verið borinn með hagræðingu í slátrun auk þess sem áhrif hefur að frosin læri og hryggir hafa verið notuð í verðsamkeppni milli verslana og eru oft seld með lágrí álagningu.

Á línuritinu fyrir ofan má sjá hvernig sláturkostnaður hjá SS hefur þróast á undanförunum árum í samanburði við vísitölu heildarlaunakostnaðar í iðnaði en launakostnaðar er stærsti kostnaðarliðurinn við slátrun. Ávinningur af hagræðingu og fækkun sláturhúsa er augljós. Þess ber að geta að þetta er beinn kostnaður við slátrun. Í þessar tölur vantar allan kostnað við flutning að sláturhúsi, sameiginlegan kostnað, sölukostnað, frystingu,

geymslur, fjárbindingu vegna staðgreiðslu ofl. Hagræðing og raunlækkun kostnaðar hefur verið meiri í sauðfjárslátrun en stórgripaslátrun vegna þess að sauðfjársláturhúsum var fækkað á þessu tímabili sem línuritið sýnir en ekki var um slíkt að ræða í stórgripaslátrun enda stórgripum aðeins slátrað á einum stað.

Mikið hefur reynt á íbúa og bændur sem hafa lent í raunum og tjóni vegna eldgosa á félagssvæðinu og eiga þeir hug okkar og hrós skilið fyrir æðruleysi við erfiðar aðstæður. Við vonum að þessum hamförum sé lokið og áhrifin verði ekki meiri en orðið er. Mestu skiptir að ekki hefur orðið manntjón og gæði afurðanna eru óskert.



Lömb rekin úr Grafarrétt og heim að Borgarfelli í Skaftártungu.

Ljósmynd Jónas Erlendsson

II Kindakjöt

Verðlagning

Haustslátrun sauðfjár hefst miðvikudaginn 31. ágúst næstkomandi. Slátrun hefst viku fyrr en síðasta ár auk þess sem félagið hefur heimild til aukinnar dagslártrunar. Það verður því hægar um vik að mæta óskum bænda um sláturtíma. Verðtöflu hefur einnig verið breytt í því skyni að jafna betur áhuga á slátrun og stuðla þar með að lækkun sláturkostnaðar. Eftirfarandi tafla 3 var kynnt í lok síðasta árs og gildir í haust um verðhlutföll milli sláturvikna.

Slátrun hefst með um 800 kindum á dag og er svo aukin í þrepum upp í rúmlega 2400 kindur á dag.

Landssamtök sauðfjárþænda samþykktu á aðal-

fundi sínum í vetur tillögu um breytt verðhlutföll milli gæðaflokka. SS mun fylgja þessum verðhlutföllum en þau eru eftirfarandi, sjá töflu 4, og byggjast á því að verð fyrir R3 er sett sem grunntala 100% og aðrir flokkar út frá því ýmist upp eða niður í hlutfalli.

Megin breytingin frá þeim verðhlutföllum sem SS hefur notað undanfarin ár er að fituflokkar 1 og 2 lækka hlutfallslega í verði en flokkar 3, 3+, 4 og 5 hækka verulega. Tafla 5 á næstu opnu sýnir vegið meðalverð SS yfir alla sláturtíðina í fyrra og hvert sama meðalverð hefði verið ef þá hefði verið fylgt hlutföllum samtaka sauðfjárþænda. Verðtilfærsla er frá fituflokkum 1 og 2 yfir á aðra flokka.

Eins og síðasta ár birtir SS fyrst sláturleyfishafa verðskrá til bænda. Reikna má með að gera þurfi

Tafla 3

Vika	35	36	37	38	
Dags.	31. ág - 2. sept	5. - 9. sept	12. - 16. sept	19. - 23. sept	26. - 30. sept
Verðhlutfall dilka	111%	109%	107%	105%	100%
Verðhlutfall fullorðið	108%	106%	104%	100%	100%

Tafla 4

Verðhlutföll flokka miðað við R3 = 100 %

	1	2	3	3+	4	5
E	111,4%	115,3%	114,2%	104,0%	88,8%	75,6%
U	104,8%	108,9%	107,8%	97,6%	82,4%	69,2%
R	96,0%	102,8%	100,0%	89,1%	75,0%	62,1%
O	88,1%	95,1%	93,3%	82,9%	68,6%	55,7%
P	74,6%	82,8%	81,6%	72,5%	58,1%	44,3%
VR			74,0%		64,4%	
VP	48,5%					
VHR			22,2%		16,7%	
VHP	17,8%					
FR			55,0%		41,3%	
FP	27,5%					

breytingar á henni eftir að verðskrár annarra sláturleyfishafa líta dagsins ljós. Af þeim sökum er verðskráin ekki birt í fréttabréfinu heldur bent á heimasíðu félagsins http://www.ss.is/til_baenda/afurdaverd/saudfe/ en þar verður verðskrá haustsins birt fyrir lok júlí og verður henni breytt ef þörf krefur.

Sauðfjárinnlegg verður áfram staðgreitt föstudag eftir innleggsviku.

Pantanir fyrir slátrun

Pantanir fyrir slátrun eru með sama hætti og undanfarin ár. Í flestum tilfellum fara pantanir í gegnum deildarstjóra. Almenn gildir að þeir sem panta fyrst fá sláturtíma uns hver vika fyllist. Ef áhugi á einstökum sláturvikum er langt umfram afköst þá áskilur félagið sér rétt til að skipta sláturtíma niður á deildirnar þannig að hver deild hafi sambærilegan aðgang að slátrun.

Heimtaka – Framkvæmd

Það er mikið álag á starfsfólki félagsins við að sinna heimtöku bænda og mikill metnaður í að það sé vel gert. Til að gera góða framkvæmd mögulega verður að biðja bændur að ákveða fyrir afhendingu á fjárbíl hvaða flokka og fjölda þeir ætla að taka heim og hvernig á að meðhöndla kjötið. Óski bóndi að taka heim kjöt af ákveðnum dýrum skal lita-merkja hausinn á þeim gripum og láta það koma fram á heimtökublaðinu.

Það er mjög mikilvægt að aldrei sé settur litur á bak lambanna eða þann hluta sem tilheyrir gærinni eftir slátrun. SS hefur þurft að greiða bætur til gærukaupenda vegna litar á gærum.

Það er ekki hægt að bakfæra innlegg og breyta vigtarseðlum eftirá. Bændur eru beðnir að afhenda heimtökublað við afhendingu fjár þar sem fram kemur hvaða flokka þeir vilja taka heim og hvernig á að ganga frá kjötinu. Nauðsynlegt er að beiðnir séu skriflegar til að hægt sé að skrá inn í kjötmatskerfið heimtökuóskir áður en mat fer fram. Aftast í

39	40	41	42	43	44
. - 30. sept	3. - 7. okt	10. - 14. okt	17. - 21. okt	24. - 28. okt	31. okt - 4. nóv
103%	101%	100%	100%	100%	105%
100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 5

	Flokkun	Meðalv SS	Meðalv SS	Breyting	
	SS 2010	2010 mv LS	2010	LS vs SS	
E	1	0,0%	451	459	-2%
	2	0,3%	467	459	2%
	3	0,8%	462	442	5%
	3+	0,5%	421	387	9%
	4	0,1%	360	281	28%
	5	0,0%	306	257	19%
U	1	0,0%	424	445	-5%
	2	7,2%	441	450	-2%
	3	11,7%	436	428	2%
	3+	4,8%	395	385	2%
	4	1,2%	333	280	19%
	5	0,1%	280	251	12%
R	1	0,3%	389	404	-4%
	2	37,9%	416	430	-3%
	3	23,7%	405	399	2%
	3+	4,9%	361	326	11%
	4	0,7%	304	251	21%
	5	0,1%	251	243	3%
O	1	0,6%	356	351	1%
	2	4,8%	385	402	-4%
	3	0,1%	378	341	11%
	3+	0,0%	336	310	9%
	4	0,0%	277	244	14%
	5	0,0%	225	240	-6%
P	1	0,2%	302	309	-2%
	2	0,1%	335	309	9%



Veðurguð að leik í Mýrdal.

Ljósmynd Jónas Erlendsson

fréttabréfinu er eyðublað fyrir heimtöku sem óskað er að bændur fylli út og afhendi bílstjóra. Eyðublaðið má einnig finna á heimasíðu félagsins í kaflanum um sauðfé. Það verður ekki hægt að verða við óskum um breytingum á heimtöku eftir afhendingu.

Þrátt fyrir kostnaðar- og launahækkningar verður gjaldtaka fyrir heimtöku lækkuð frá fyrra ári um rúmlega 10%. Gjald í haust fyrir heimtöku og 7 parta sögun verður 2.600 kr/stk fyrir dilka og 2.750 kr/stk fyrir fullorðið. Kostnaður fyrir fínsögun og heimsendingar er óbreyttur milli ára. Fínsögun kostar aukalega 650 kr/stk. Afhending á Selfossi er án kostnaðar. Kostnaður af heimsendingum innan félagssvæðis SS er 600 kr/stk og innifelur kostnað við kassa og poka undir kjötið. Sent verður með Flytjanda. Vsk bætist við ofangreindar tölur. Slátur fylgir ekki heimteknu kjöti. Heimtaka verður aðeins afhent eða send viðkomandi innleggjanda í einu lagi og kvitta skal fyrir móttöku.

Þjónusta við bændur er nú aukin með þeim hætti að fyrir sama meðalgjald er boðið upp á frystingu á dilkakjöti EN þá er ekki hægt að afhenda það kjöt

sem er innlagt af einstökum bændum heldur er selt kjöt af sama gæðaflokki og beðið er um og getur verið frá einhverjum öðrum. Til að þessi framkvæmd gangi upp verður að selja bændum kjötið á meðal innleggsverði hvers flokks að viðbættum 160 kr/kg sem er svipað og heimtökugjaldið deilt með meðalþyngd. Á heimasíðu félagsins á sama stað og afurðaverðið verður verðtafla sem sýnir verð á frosnu kjöti sem Sláturfélagið selur bændum með þessum hætti. Ef t.d. öll heimtakan væri keypt sem frosið kjöt þá kemur öll slátrunin til innleggs í staðinn svo heildarniðurstaðan yrði sú sama. Frosið kjöt sem er selt sem heimtaka með þessum hætti er afhent eftir innlegg eins og önnur heimtaka. Vsk bætist við allar ofangreindar tölur.

Heimtaka er slátrun fyrir bændur á lægra verði en almennt er boðið og ber ekki fullan kostnað. Þessi slátrun er takmörkuð við eðlilega heimanotkun og eðlilega heimasölu bænda. Stórfelld heimtaka til endursölu inn á markað kjötvinnsla, verslana eða mötuneyta fellur ekki undir þetta og verður verðlögð sem verktakaslátrun á herra verði.

Flutningar á sauðfé – Afhending & lágmarksfjöldi

Það er mikilvægt að bændur og Sláturfélagið vinni saman að því að bæta líðan fjár á leið til sláturhúss. Það eru bein tengsl á milli dýravelferðar og gæða afurða. SS leggur til vönduð flutningstæki og reynda samviskusama bílstjóra. Bændur þurfa að hafa góða aðstöðu til hleðslu bíla og leggja kapp á að skila fé hreinu. SS mun í haust eins og áður skrá niður aðstöðu á bæjum og þann tíma sem tekur að koma fénu á bíl. Aðstaða hefur víða verið bætt en á nokkrum stöðum má gera enn betur. Ella bitnar langur hleðslutími hjá þeim á fé nágranna þeirra og eykur jafnframt flutningskostnað vegna lakari nýtingu bíla.

Bændur eru vinsamlega beðnir að afhenta fé fyrir hádegi ef á þarf að halda. Ef akstur með fé dregst of lengi eykur það kostnað og takmarkar nauðsynlega hvíld fyrir slátrun.

Lömb eiga ekki að fara södd á sláturbíl en mikilvægt að þau hafi haft nægan aðgang að vatni fyrir flutning. Sömu reglur gilda og áður til að tryggja nýtingu flutningstækja. Ekki verður sótt á bæ nema þar séu að lágmarki 30 kindur. Minni partí þarf að sameina með öðrum svo fremi sem það er heimilt vegna heilbrigðisreglna.

Rafrænir vigtarseðlar

Allir innleggjendur geta fengið vigtarseðil sendan samdægurs með tölvupósti og innleggsskrá fyrir fjarvis.is senda til Bændasamtakanna. Koma þarf beiðni og upplýsingum um netfang til Selfoss til að hægt sé að senda gögnin.

III Nautakjöt

Sala á nautakjöti gengur mjög vel en viðvarandi skortur á markaði ýtir undir aukinn innflutning. Það er stefna SS að selja og vinna eingöngu úr innlendu kjöti og tekur félagið ekki þátt í neinum innflutningi á kjöti. Á flestar vöruumbúðir félagsins er búið að prenta „Íslensk framleiðsla úr íslensku kjöti“ til að taka af öll tvímæli um þetta og til að neytendur viti að hverju þeir ganga í vörum framleiddum af SS.

Til lengri tíma er heppilegt að betra jafnvægi sé á milli framboðs og eftirspurnar en þar sem framleiðslutími á nautakjöti er mjög langur má ætla að nokkur tími líði uns herra verð til bænda skilar

framleiðsluaukningu. Vegna skorts á markaði er Sjávar- og landbúnaðarráðuneytið búið að opna á innflutning á öllum helstu tegundum nautavöðva án magntakmarkana í ágúst og september með aðflutningsgjöldum sem eru frá 406 upp í 585 kr/kg. Búast má við að verulegur innflutningur fylgi í kjölfarið en SS tekur ekki þátt í honum eins og áður hefur komið fram.

Með tilkomu einstaklingsskráninga á öllum gripum á að liggja fyrir hversu margir nautgripir eru í eldi hverju sinni og hægt að gera nákvæma spá um framboð. Það er mat undirritaðs að það væri til bóta að Landssamband kúabænda kæmi þessum upplýsingum skipulega á framfæri.

SS leggur metnað í að vanda verkun á heimteknu kjöti en nokkuð er um að stærri framleiðendur taki heim hluta framleiðslu sinnar og selji sjálfir. Heimtöku verður sinnt yfir sauðfjársláturtíð með verkskiptingu á milli stöðva félagsins á Selfossi og Hvolsvelli.

IV Hrossakjöt

Það gildir sama um hrossa- og folaldakjöt og aðrar kjöttegundir. Sala gengur vel og mikil eftirspurn er erlendis eftir vöðvum og afskurði úr hrossakjöti. SS hefur vantað hross til að eiga upp í pantanir. Verð til bænda hefur hækkað verulega og er núverandi verð á algengasta flokki hrossakjöts, HRIA, 145 kr/kg. Sala á folaldakjöti hefur einnig gengið mjög vel og vöruþróun félagsins gert það að birgðir af folaldakjöti eru að klárast sem er breyting frá fyrri árum. Verð fyrir folaldakjöt verður kynnt er nær dregur haustslátrun.

V Áburðarviðskipti & fóður

Góður gangur er í viðskiptum félagsins með áburð og fóður. Staða Yara á alþjóðamarkaði er mjög sterk og vaxandi og mikilvægt fyrir SS að hafa svo öflugan bakhjarl. Sala fóðurs er einnig vaxandi en DLG, samstarfsaðili SS í fóðurviðskiptum, er mjög öflugt fyrirtæki og það langstærsta á Norðurlöndum í fóðursölu. Það má fullyrða að innflutningur SS á áburði og fóðri hafi stuðlað að lækun á markaði á þessum mikilvægu rekstrarvörum bænda.

Félagið undirbýr áhugaverðar nýjungar á sviði áburðar og fódurs.

VI Fjárhagsleg endurskipulagning ofl.

Svokölluð B hlutabréf í stofnsjóði SS eru skráð í Kauphöll Íslands til að auðvelda viðskipti með þau og að til staðar sé markaður með skráð verð. Skráning í Kauphöllinni leggur ríkar skyldur á SS og að tilkynnt séu atriði í rekstri sem geta haft verðmótandi áhrif. Af þeim sökum tilkynnti SS í lok síðasta árs að hafin væri vinna með viðskiptabanka félagsins við fjárhagslega endurskipulagningu félagsins

sem miðaði að því að laga greiðslubyrði langtímalána að fjárstreymi félagsins. Þeirri vinnu lauk eins og áætlað var fyrir lok júní síðastliðinn. Í tilkynningu sem gefin var út af því tilefni kom fram að samkomulag er um uppgjör á öllum erlendum lánum SS en félagið verður framvegis fjármagnað með langtímalánum í innlendri mynt. Við uppgjörið og með uppgreiðslu lána undanfarið lækkar skuldsetning félagsins um rúmlega 1100 mkr. og um 900 mkr. tekjufærsla verður í fjármagnsliðum félagsins í næsta hálfárs uppgjöri sem birt verður 26. ágúst næstkomandi og staða þess mjög sterk.

Ákveðið hefur verið að færa skráningu á B hlutabréfum SS af Tilboðsmarkaðnum yfir á svokallaðan „First North“ markað sem hentar félaginu betur.

VII Vörunýjungar

Vöruþróun er SS mikilvæg til að mæta óskum neytenda og halda forystu. Eftirfarandi eru nokkrar

af þeim nýjungum sem félagið hefur sett á markað nýlega.



Grísa T-bein er bragðgóð nýjung sem nýtir það besta úr svínahrygg og hefur mælst vel fyrir hjá neytendum.



SS hefur bætt pressuðum sviðum í hentugri pakkningu við vörulínu sína. Varan er gerð úr pressuðu sviðakjöti og er án matarlíms og frábær í ferðalagið eða nestið.



„1944“ línan er í sífældri þróun og hér má líta á þann nýjasta sem er þróaður fyrir yngri neytendur og má segja að konur 18-35 ára séu markhópur þessa réttar.



Makkarónugrautur er ódýr og bragðgóður. Í hann notum við hinar frábæru Barilla pastavörur sem SS flytur inn.



SS hefur sett á markað tvær tegundir af lamba grill-læri. Aðra með hefðbundnum SS kryddlegi og hina með hvítlaukskeim. Þetta er ein mest spennandi nýjung í lambakjöti sem hefur komið á markað í mörg ár. Hefðbundið lambalæri er seinlegt í eldun og of stórt og dýrt fyrir margar fjölskyldur. Það var þörf fyrir nýja útfærslu sem SS hefur þróað. Grill-lærin eru án grill-leggsins og klofin. Eldunartíminn er 30-40 mínútur og þar sem varan er nokkuð jöfn að þykkt verður kjötið jafn steikt. Stærðin hentar 2-3 í matinn.

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason

Fyrirvari er gerður um prentvillur



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík
Sími 575 6000
www.ss.is



**SLÁTTURFÉLAG
SUÐURLANDS**
Fosnesi Selfossi
Sími 480 4100

Heimtaka – vinsamlega afhendið bílstjóra blaðið um leið og sauðfé er afhent

Nafn	kt.	
Bæjarnafn	Hreppur	Lögbýlisnúmer
Netfang	Sími	

Fjöldi skrokka Dilkar Veturgamalt Fullorðið Alls

Er óskað eftir heimsendingu á kjötinu : Já Nei

Flokkur	Fjöldi	Frosið	Heill skrokkur				Frampartur			Hryggur				Slög			Læri				
			Ósagaður	7 parta sögun	Fínsögun	Klofinn	Súpukjöt/bitar	Sneiðar/grill	Framhr. sneiðar/súpukjöt	Heill	Klofinn	Einf. Kótilettur	Tvöf. Kótilettur	Heil	Bitar/súpukjöt	Grill	Heil með hækli	Heil án hækils	Hálf	Sneiðar	

Ath. : Aðeins er hægt að afhenda dilka frosna. Ef merkt er við „frosið“ þá er afhent frosið kjöt af sama gæðaflokki en ekki frá viðkomandi innleggjanda ! Ef beðið er um sögun þá er kjötið tilbúið á þriðja degi frá slátrun, annars er kjötið tilbúið til afhendingar daginn eftir slátrun.

Athugasemdir vegna heimtöku: _____

